

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 201/2018

2021/EES/15/29

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/310 frá 22. febrúar 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum, vellíðan og húsnæðisvandamál fyrir árið 2018 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18ig (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/174) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18ih. **32017 R 0310**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/310 frá 22. febrúar 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum, vellíðan og húsnæðisvandamál fyrir árið 2018 (Stjttð. ESB L 45, 23.2.2017, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/310, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 45, 23.2.2017, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.